

Alþingi Íslendinga  
Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/978*  
*komudagur 9.2.2012*

Akranesi 9.febrúar 2012

**Efni: Umsögn um frumvarp til upplýsingalaga, 366. mál.**

Vísað er til erindis dags. 8. febrúar 2012 frá Alherjarnefnd Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) vegna frumvarps til laga um upplýsingalög, 366. mál.

**Almennt**

Að mati FFR er endurskoðun laganna nauðsynleg til samræmis við þróun tækninnar og tungumálsins. Víða í upplýsingalögum er tenging við lög um Þjóðskjalasafn Íslands sem er þegar á heildina er lítið jákvætt. Það er því mikilvægt að upplýsingalög og lög um Þjóðskjalasafn Íslandi vinni saman sem ein heild, sérstaklega þegar kemur að afgreiðslu upplýsingabeidna.

Eftirfarandi eru athugasemdir FFR við einstakar greinar frumvarpsins, ekki er fjallað um þær greinar sem engar athugasemdir eru gerðar við :

**7. gr. *Upplýsingar um málefni starfsmanna.***

FFR gerir athugasemdir við þessa grein í nokkrum eftirfarandi liðum sem félagið telur að geti leitt til þess að hæfir starfsmenn og stjórnendur vilji í framtíðinni síður vinna hjá ríkinu en öðrum vinnuveitendum:

- a. FFR telur það geta virkað neikvætt og letjandi fyrir mögulega hæfa umsækjendur um störf hjá ríkinu að gerð er krafa um birtingu nafna umsækjenda þegar umsóknarfrestur er liðinn um störf skv. þessu frumvarpi
- b. FFR telur óeðlilegt að allur almenningur eigi kröfu um að fá aðgang að upplýsingum launakjörum einstakra opinberra starfsmanna, slíkar upplýsingar ættu að vera aðgengilegar næstu yfirmönnum, stéttarfélögum, ráðuneytum og trúnaðarmönnum en ekki almenningi.
- c. FFR telur enga þörf á að allur almenningur hafi aðgang að upplýsingum um frammistöðu opinberra starfsmanna, slíkar upplýsingar eru fyrst og fremst gagnlega fyrir næstu yfirmenn og ráðuneyti.
- d. FFR telur óeðlilegt að strangari reglur gildi um stjórnendur hjá hinu opinbera en aðra opinbera starfsmanna varðandi birtingu upplýsinga um viðurlög í starfi. Þessi framsetning í frumvarpinu er að mati FFR brot á jafnræðisreglunni.

### **15. gr. Afmörkun á beiðni um aðgang að upplýsingum.**

Í þessari grein er opnað á víðari heimild þess sem leitar eftir upplýsingum en er í gildandi lögum. Í frumvarpi til upplýsingalaga er getið um að nægjanlegt sé að geta um efni þess máls sem óskað er eftir upplýsingum um en ekki er lengur þörf á að tilgreina einstök gögn máls. Mikilvægt er að löggjafinn geri sér grein fyrir því að með opnun á þessu ákvæði er mögulega verið að kalla fram gríðarlega viðbótarvinnu hjá ákveðnum embættum og mikinn viðbótarkostnað. Því er m.a. mikilvægt að ákvæði greinarinnar um heimild til að vísa beiðni frá sé skýr.

### **26. gr. Skráning mála.**

FFR benda á að lög um Þjóðskjalasafn eru nú í endurskoðun og hafa talsvert miklar athugasemdir komið fram við upphafleg frumvarpsdrög. Gæta þarf samræmis á milli þess lagafrumvarps og frumvarps til upplýsingalaga til að tryggja að andi þeirra sé sá sami og til að tryggja almenningi rétt til upplýsinga með samræmdum hætti.

Þar sem lagðar eru ríkar skyldur á stjórnvöld um málaskráningu og vistun gagna sem tengjast starfsemi þeirra og upplýsingagjöf á grunni þessara gagna, þá vaknar sú spurning hvort ekki sé ástæða til að ríkið samræmi þessa skráningu og kerfi með sama hætti og gert er með fjárhags- og launaupplýsingaríkisins í Orra. Nú kaupa stofnanir sjálfar eigin skjalavistunarkerfi og eru nokkrar mismunandi gerðir á markaði. Litlar stofnanir eiga í erfiðleikum með að standa undir þeim kröfum sem gerðar eru bæði hvað varða kaup á dýrum kerfum og ráðningu sérhæfðs starfsfólks til að sjá um þessi mál. Þjóðskjalasafn á einnig í erfiðleikum með að framfylgja reglum um skjalavistun hjá stofnunum, taka á móti rafrænum upplýsingum á mismunandi formi og varðveita til framtíðar. Það myndi einfalda framkvæmdina verulega ef um eitt miðlægt kerfi væri að ræða fyrir allar ríkisstofnanir.

### **36. gr. Breytingar á lögum um Þjóðskjalasafn.**

Lög um Þjóðskjalasafn eiga að vera rammalög um starfsemi safnsins og skjalastjórn opinberra aðila. Þar á að koma fram hvernig faglegum samskiptum milli stofnunarinnar og skilaskyldra aðila skuli háttað. Í þeim drögum sem liggja fyrir eru mörg ákvæði sem eiga frekar heima í reglum eða reglugerð, en ekki í lagatexta. Eins væri hægt að vísa meira í aðra lagabálka s.s. upplýsingalög og stjórnslulög. Skoða þarf hvort valdsvið Þjóðskjalasafns sé of mikið. Það er orkar tvímælis að einn embættismaður taki ákvarðanir um aðgang að skjali/skjölum. Betra væri að sérstök úrskurðarnefnd gerði það t.d. úrskurðarnefnd um upplýsingamál.

---

Magnús Guðmundsson  
formaður Félags forstöðumanna ríkisstofnana